

Reykjavík, 15. nóvember 2010

**Siðanefnd Blaðamannafélags Íslands**  
**Síðumúla 23**  
**108 Reykjavík**

Kæra á hendur fréttastofu RÚV/  
 Óðni Jónssyni fréttastjóra/  
 Sigrúnu Davíðsdóttur fréttamanni

**Kærandi:** Björgólfur Thor Björgólfsson

**Kæruefni:** Umfjöllun í Speglinum um aflandsfélög Landsbankans, sbr. meðfylgjandi endurrit af vef RÚV.

**Samantekt:** Í pistli sínum í fréttaskýringarþættinum Speglinum 22. október sl. fjallaði Sigrún Davíðsdóttir fréttamaður um aflandsfélög Landsbankans og meinta markaðsmisnotkun fyrirverandi stjórnenda bankans. Í umfjölluninni var eignarhaldsfélagið Samson tengt við eitt þessara aflandsfélaga og þar með var rannsókn sérstaks saksóknara á hugsanlegri markaðsmisnotkun tengd nafni mínu, Björgólfs Thors Björgólfssonar. Grunnur þessarar tengingar var mistúlkun blaðamannsins á upplýsingum í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Þrátt fyrir að fréttastjóri hafi síðar staðfest að fréttamaðurinn hafi farið með rangt mál hefur fréttastofan neitað að birta leiðréttingu á pistlinum.

**Málavextir:** Föstudaginn 22. október 2010 hóf Sigrún Davíðsdóttir pistil sinn í Speglinum á eftirfarandi orðum:

„Meint markaðsmisnotkun fyrirverandi stjórnenda Landsbankans er nú komin í rannsókn hjá sérstökum saksóknara. Skýrsla rannsóknarnefndarinnar gefur tilefni til að álíta að félög í þeim fléttum tengist líka þáverandi kjölfestufjárfestum Landsbankans.“

Það sem á eftir fylgdi var rökstuðningur fréttamannsins fyrir þeirri gefnu forsendu, að aflandsfélögin tengdust kjölfestufjárfestum og þar með mér, Björgólfi Thor Björgólfssyni. Í þeim tilgangi að sýna fram á þessi tengsl vísaði fréttamaðurinn m.a. í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis.

Í tölvupósti til Sigrúnar Davíðsdóttur, dags. 25. október, fór talsmaður minn, Ragnhildur Sverrisdóttir, fram á að alvarlegar ásakanir gegn mér yrðu dregnar til baka. Sigrún svaraði þeim pósti samdægurs og vísaði í að í pistli hennar væri ekki að finna neinar fullyrðingar „nema það sem er undirbyggt af skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis.“ Að öðru leyti vísaði Sigrún til þess að yfirmenn hennar tækju afstöðu til frekari umfjöllunar.

Frekari tölvupóstamskipti Ragnhildar og Sigrúnar leiddu í ljós að Sigrún byggði umfjöllun sína m.a. á eftirfarandi kafla í skýrslu rannsóknarnefndarinnar:

„Við frekari eftirgrennslan rannsóknarnefndar Alþingis á síðustu stígum rannsóknar sinnar kom í ljós að Landsbankinn gaf út nýtt hlutafé, alls 6,8 milljarða að markaðsvirði eða 172 milljónir að nafnvirði, í ágúst 2007 sem var 1,5% af útistandandi hlutum eftir hlutafjárukningu. Alls voru þá útistandandi tæpir 1,2 milljarðar að nafnvirði í félaginu. Á sama tíma lánaði Kaupþing Landsbankanum fyrir þessari aukningu hlutafjár í

bankanum í gegnum félagið Empennage sem keypti alls 115 milljónir að nafnverði. Hér vaknar því sú spurning hvort eiginfjárlutfall bankans hafi hækkað án raunverulegs eiginfjárframlags. Breyting á samþykktum félagsins til aukningar hlutfjárins var undirrituð 31. júlí 2007 af Björgólfi Guðmundssyni, Svöfu Grönfeldt og Þorgeiri Baldurssyni, bankaráðsmönnum í Landsbankanum.“

(Kafli 10.4.5. Fjármögnun og innlausn kaupréttarsamninga í Landsbankanum).

Sigrún staðfesti jafnframt að þennan kafla hefði hún skilið svo, að „breyting á samþykktum félagsins“ hefði vísað til Empennage, en ekki til Landsbanka Íslands, sem er hið rétta í málinu. Þessi skilningur fréttamannsins leiddi til ályktana um að kjölfestufjórðing Landsbankans og þar á meðal greinilega ég sjálfur, gætu ekki haldið því fram að þeir hefðu ekkert af Empennage vitað.

Þrátt fyrir að fréttamaðurinn hefði snúið heimildum sínum á hvolf með þessum hætti birti RÚV ekki leiðréttingu á pistlinum. Síðanefnd til frekari glöggvunar fylgir þessari kæru endurrit af því skjali sem Björgólfur Guðmundsson, Svafa Grönfelt og Þorgeir Baldursson undirrituðu umrætt skipti. Þetta skjal var sent til Sigrúnar Davíðsdóttur og Óðins Jónssonar 26. október. Jafnframt var farið fram á að lesinn yrði upp texti í Speglinum og birtur á vef RÚV, þar sem aðdróttanir um refsivert athæfi nafngreindra manna yrðu dregnar til baka. Þá má geta þess, þótt ekki séu það aðalatriði málsins, að jafnframt voru sendar opinberar upplýsingar til þessara aðila þar sem sýnt var fram á að Empennage hefði ekki eignast aukinn hlut í Landsbankanum frá því á miðju ári 2006, sem og opinberar upplýsingar um ástæðu hlutfjárukningar Landsbankans, þ.e. kaup á breska verðbréfafyrirtækinu Bridgewell.

Engin svör fengust við póstinum fyrr en hann hafði verið ítrekaður, 4. nóvember. Þá svaraði Sigrún talsmanni mínum í tölvupósti og sagði það yfirmanna sinna „að ákveða hvort og hvað er leiðrétt.“

Sama dag svaraði Óðinn Jónsson í tölvupósti, þakkaði ábendingar og athugasemdir, en lýsti því yfir að hann sæi ekki ástæðu til að fréttastofan leiðrétti eitthvað í umfjöllun Spegilsins. Talsmaður minn svaraði Óðni og óskaði frekari skýringa, þar sem sýnt hefði verið fram á með óyggjandi hætti að Sigrún hefði farið með rangt mál í pistlinum.

Daginn eftir, 5. nóvember, svaraði Óðinn og er rétt að birta tölvupóst hans í heild:

„Eftir að Sigrún Davíðsdóttir hafði spurst fyrir hjá skýrsluhöfundum fékkst staðfest að þetta er óljóst í skýrslunni og að þarna væri átt við Landsbankann, ekki aflandsfélagið. Röksemdafærslan í pistli Sigrúnar byggðist hinsvegar ekki á þessu. Í pistlinum er hnykkt á því að aflandsfélögin fóru með stóran eignarhluta í bankanum, bankinn leyndi eignarhaldinu, félögin styrktu tök Samson á bankanum og félögin voru notuð til að versla með bréf bankans og höfðu þannig áhrif á verð bréfanna. Um þetta var bankastjórninni fullkunnugt þar sem bankinn lánaði fyrir kaupum þessara félaga á eigin bréfum alveg fram til 2006 þegar nokkur fóru á Straum, sem veitt lán án nokkurra trygginga. Í skýrslunni er bent á að Björgólfur Thor var stærsti hluthafi bæði í Landsbankanum og Straumi. Allt þetta kemur skýrlega fram í skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis. Skýrslan fjallar rækilega um aflandsfélögin og notkun þeirra af því þau þykja óeðlileg.“

Hvort eitthvað er brotlegt í þessu kemur ekki í ljós fyrr en sérstakur saksóknari tekur afstöðu til þess hvort kært verður í málum er varða aflandsfélögin og um hugsanlega markaðsmisnotkun þeirra eða ekki.“

Talsmaður minn, Ragnhildur Sverrisdóttir, svaraði Óðni Jónssyni samdægurs, þ.e. 5. nóvember, með svohljóðandi pósti, en afrit af honum var sent til Sigrúnar Davíðsdóttur:

„Núna er þá klárlega staðfest, með fyrirliggjandi gögnum og upplýsingum Sigrúnar Davíðsdóttur frá skýrsluhöfundum, að þarna var átt við Landsbankann. Ekki verður fallist á að þetta sé á nokkurn hátt óskýrt í skýrslunni, því hæglega mátti draga rétta ályktun af þeirri staðreynd einni að bankaráðsmennirnir Björgólfur Guðmundsson, Svafa Grönfelt og Þorgeir Baldursson rituðu undir plagg um breytingar á samþykktum „félagsins“.

Í pistlinum var þessi mislestur ein röksemda Sigrúnar fyrir að umrætt aflandsfélag væri „samslungið Samson, eignarhaldsfélagi feðganna Björgólfs Guðmundssonar og Björgólfs Thors.“ Pistillinn byggir á ályktunum Sigrúnar undir formerkjum „að öllum líkindum“, „að því er virtist“ og „svarið er líklega“, auk þess sem nafnlaus heimildarmaður fær að fullyrða að félög hafi verið notuð til að „bjarga málum eða svindla með eigið fé, allt eftir því hvernig á það er litið.“

Í pistlinum hafnar Sigrún því að „kjölfestufjórðing Landsbankans“ geti sagt að þeir hafi ekki vitað um þessi félög eða „til hvers þau voru notuð“. Í beinu framhaldi ritar hún um félagið Empennage. Þar er augljóslega ein röksemdafærslan fyrir meintum tengslum þess félags og Samson að Björgólfur Guðmundsson hafi tekið þátt í að breyta samþykktum Empennage. Það er fjarri lagi, eins og við erum loks sammála um, undirritun hans, Svöfu Grönfelt og Þorgeirs Baldurssonar laut að breytingum á samþykktum Landsbankans vegna hlutafjárukningar.

Vissulega hlýtur að mega treysta á að sannleikurinn komi í ljós við rannsókn mála, eins og þú ritar. Á meðan þess sannleika er beðið er óþolandi að útvarp allra landsmanna dylgi um meint brot og ekki nema sanngjarnt og eðlilegt að fara fram á að rangfærslur séu dregnar til baka.“

Ég geri þessar röksemdir talsmanns míns að mínum. Engin frekari svör hafa borist frá RÚV, hvorki fréttastjóra né fréttamanni, og ekkert bólar á leiðréttingu þessar meiddandi pistils Sigrúnar Davíðsdóttur frá 22. október sl.

Ég bendi jafnframt á, að á síðum rannsóknarskýrslunnar eru ekki færð rök fyrir að félagið Empennage tengist kjölfestufjórðingunni Samson. Á spássíu er félagið á einum stað talið upp í lista félaga í samstæðu Björgólfs Guðmundssonar, en ekki færð nein rök fyrir veru félagsins á þeim lista. Upplýsingar í lánayfirliti Kaupþings, þar sem áhætta af lánum til Empennage og Samson er sögð sú sama, virðast byggja á þeirri staðreynd að í báðum tilvikum eru veðin að baki hlutabréf í Landsbankanum. Þar með er augljóst að eina „tenging“ Empennage við Björgólf Guðmundsson er sú að Björgólfur var formaður bankaráðs Landsbankans. Empennage tengist þannig ljóslega Landsbankanum, sem enginn hefur þrætt fyrir, en ekki Samson, hvað þá að rök séu til að tengja mig sem annan aðaleiganda Samson við meint lögbrot sem tengjast margumræddu félagi.

Vert er að benda siðanefnd Bláðamannafélags Íslands á, að höfundar rannsóknarskýrslunnar taka sjálfir fram í formála hennar að skýrslan sé ekki endanleg niðurstaða eða óhrekjandi sannindi, sbr. þessi orð skýrsluhöfunda:

„Þá bjóða ýmsir þættir rannsóknaða upp á ítarlegri greiningar en tímans vegna var unnt að setja fram af hálfu nefndarinnar. Nefndin hefur fyrir sitt leyti dregið saman í afmörkuðum köflum ályktanir um aðdraganda að falli bankanna haustið 2008 og meginorsakir fyrir því. Í ljósi umfangs verkefnisins og þess hve ákveðnir þættir þess eru flóknir einbeitti nefndin sér að rannsóknum á því sem hún taldi meginþætti verkefnisins með hliðsjón af þeim spurningum sem henni var falið að svara í lögum nr. 142/2008. Ekki þarf að koma á óvart að fleiri spurningar vakni eftir að nefndin hefur hér í skýrslu sinni sett fram svör sín við þessum spurningum.“

Rannsóknarnefnd Alþingis hnykkir síðan á þessu í þessum sama formála með því að taka fram að það sé

„ . . . vandkvæðum bundið að draga um of ályktanir af köflum skýrslunnar án þess að heildarmynd skýrslunnar sé höfð í huga.“


Fréttamenn -og ekki síst sú fréttastofa sem kannanir sýna að landsmenn treysta best- geta ekki gengið að því vísu að skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis sé óskeikul, hvað þá að hún sé grunnur til að ráðast að mönnum með dylgjum um lögbrot. Þau tengsl sem fréttamaðurinn þóttist greina á milli eigenda Samson og félags á vegum Landsbankans, Empennage, eru í besta falli óljós, þau eru órökstudd og óútskýrð og engan veginn fullnægjandi röksemd fyrir því að RÚV og fréttamaður á þess vegum fari fram á opinberum vettvangi og fullyrði að þau séu tilefni rannsóknar sérstaks saksóknara á refsiverðu athæfi. Nú hefur verið sýnt fram á með skýrum hætti að ekki stóð steinn yfir steini í pistli fréttamannsins. Er þá ónefnt að í fréttum hefur komið fram að fyrrum eigendur Landsbankans tengist ekki rannsókn sérstaks saksóknara.

Sigrún Davíðsdóttir fréttamaður vandaði ekki heimildaöflun sína við vinnslu pistilsins. Eftir að hann birtist var gerð athugasemd og bæði fréttamaður og fréttastjóri upplýst um hið sanna í málinu. Þrátt fyrir að viðurkennt væri að farið væri með rangt mál fékkst engin leiðrétting fram.

Hér með óska ég þess að siðanefnd Bláðamannafélags Íslands taki mál þetta til umfjöllunar.

Björgólfur Thor Björgólfsson

Afhent 15. nóvember f.h. Björgólfs Thors Björgólfssonar



Ragnhildur Sverrisdóttir

s. 7773800

ragnhildur@novator.is